



## Fundur í sveitarstjórn

**60. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar haldinn í Grunnskólanum á Bakkafirði fimmtudaginn 23. febrúar 2017 og hófst kl 17:00.**

**Mætt voru:** Reynir Atli Jónsson oddviti, Þorsteinn Ægir Egilsson, Þorsteinn Vilberg Þórisson, Hulda Kristín Baldursdóttir, Björn Guðmundur Björnsson, Siggeir Stefánsson, Halldóra Jóhanna Friðbergisdóttir, Elías Pétursson og Jónas Egilsson sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

### Dagskrá

1. Fundargerð 846. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga
2. Fundargerð 391. fundar stjórnar Hafnarsambands Íslands
3. Fundargerð 291. fundar stjórnar Eyþings
4. Fundargerð 292. fundar stjórnar Eyþings
5. Fundargerð 15. fundar Landbúnaðarnefndar
6. Gjaldskrá félagslegrar heimaþjónustu
7. Gistiheimilið Lyngholt, endurnýjun á rekstrarleyfi vegna Eyrarvegar 2
8. Gistiheimilið Lyngholt, endurnýjun á rekstrarleyfi vegna Langanesvegar 12
9. Sameining Skeggjastaðasóknar og Hofsprestakalls
10. Team Spark 2016-2017, ósk um styrk
11. Tólf mánaða rekstraruppgjör sveitarsjóðs
12. Finnaþjörður, staða og næstu skref
13. Samstarfssamningur Langanesbyggðar og Vopnafjarðarhrepps vegna Finnaþjörðarverkefnisins
14. Skýrsla sveitarstjóra

### Fundargerð:

**1. Fundargerð 846. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.**

Fundargerð lögð fram til kynningar.

**2. Fundargerð 391. fundar stjórnar Hafnarsambands Íslands**

Fundargerð lögð fram til kynningar.

**3. Fundargerð 291. fundar stjórnar Eyþings**

Fundargerð lögð fram til kynningar.



#### 4. Fundargerð 292. fundar stjórnar Eypings

Fundargerð lögð fram til kynningar.

#### 5. Fundargerð 15. fundar Landbúnaðarnefndar

Fundargerð lögð fram til kynningar. Til máls tóku: Elías Pétursson, Björn Guðmundur Björnsson, Reynir Atli Jónsson.

#### 6. Gjaldskrá félagslegrar heimaþjónustu

Sveitarstjóri lagði fram til kynningar gjaldskrá félagslegrar heimaþjónustu, gjaldskráin er unnin af starfsfólki Norðurþings í samræmi við samstarfssamning sveitarfélaganna um félagslega þjónustu.

Til máls tóku: Elías Pétursson, Siggeir Stefánsson, Þorsteinn Ægir Egilsson.

**Bókun um afgreiðslu:** Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að birta gjaldskrána.

Samþykkt samhljóða.

#### 7. Gistiheimilið Lyngholt, endurnýjun á rekstrarleyfi vegna Eyrarveggar 2

Lagt er fram erindi frá sýslumanninum á Norðurlandi eystra er varðar ósk um umsögn vegna umsóknar um rekstrarleyfi skv. lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007.

Umsóknin varðar rekstrarleyfi í flokki II – Gististaðir án veitinga. Um er að ræða endurnýjun á eldra rekstrarleyfi.

Til máls tók: Elías Pétursson.

**Bókun um afgreiðslu:** Sveitarstjórn vísar erindinu til umsagnar hjá Umhverfis- og skipulagsnefnd og Atvinnu og ferðamálanefnd.

Samþykkt samhljóða.

#### 8. Gistiheimilið Lyngholt, endurnýjun á rekstrarleyfi vegna Langanesveggar 12

Lagt er fram erindi frá sýslumanninum á Norðurlandi eystra er varðar ósk um umsögn vegna umsóknar um rekstrarleyfi skv. lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007.

Umsóknin varðar rekstrarleyfi í flokki II – Gististaðir án veitinga. Um er að ræða endurnýjun á eldra rekstrarleyfi.

Til máls tók: Elías Pétursson.

**Bókun um afgreiðslu:** Sveitarstjórn vísar erindinu til umsagnar hjá Umhverfis- og skipulagsnefnd og Atvinnu og ferðamálanefnd.

Samþykkt samhljóða.



### 9. Sameining Skeggjastaðasóknar og Hofsprestakalls

Lögð er fram til kynningar umsögn sóknarnefndar Þórhafnarsóknar er varðar tillögu biskupafundar þess efnis að Skeggjastaðasókn, sem nú er undir Langanesprestakalli, tilheyri eftirleiðis Hofsprestakalli í Austurlandsprófastsdæmi.

Til máls tóku: Elías Pétursson, Siggeir Stefánsson, Björn Guðmundur Björnsson, Hulda Kristín Baldursdóttir, Halldóra Jóhanna Friðbergisdóttir, Reynir Atli Jónson, Þorsteinn Ægir Egilsson.

**Bókun um afgreiðslu:** Sveitarstjórn Langanesbyggðar tekur undir og áréttar það álit sóknarnefndar að mikilvægt sé að prestur verði ráðinn í Langanesprestakall og að hann verði með fasta búsetu á Þórshöfn, líkt og áður var.

Samþykkt samhljóða.

### 10. Team Spark 2016-2017, ósk um styrk.

Lagt er fram erindi er varðar ósk Team Spark um styrk vegna verkefnis sem snýst um að þróa, hanna og smíða eins manns rafknúinn kappakstursbíl frá grunni.

**Bókun um afgreiðslu:** Sveitarstjórn þakkar erindið, en sér sér ekki fært að styðja verkefnið.

Samþykkt samhljóða.

### 11. Tólf mánaða rekstraruppgjör sveitarsjóðs

Sveitarstjóri lagði fram og kynnti tólf mánaða óendurskoðað rekstraruppgjör Langanesbyggðar. Rekstraafkoma A-hluta sveitarsjóðs er jákvæð um 27,6 millj. sem er 29,1 millj betri afkoma en 2015. Afkoma er einnig töluvert betri en áætlun gerði ráð fyrir. Tekjur aðalsjóðs eru 2,9% hærrí en 2015 en rekstragjöld 0,6% lægri en 2015. Sveitarstjóri bendir á að lækkun rekstrakostnaðar aðalsjóðs er áhugaverð í því tilliti að launakostnaður aðalsjóðs hefur hækkað um 3,2%. Afkoma samstæðu er jákvæð um rífar 35 millj. sem er 11,9 millj. betri afkoma en áætlun gerði ráð fyrir og 26,7 millj. betri afkoma en var 2015.

Samkvæmt framlögðu bráðabirgðauppgjóri er ljóst að töluverður viðsnúningur hefur orðið á rekstri sveitarfélagsins á undanförunum tveimur árum, því ber að fagna og um leið þakka starfsmönnum sveitarfélagsins.

Auk hans tók til máls: Siggeir Stefánson.

### 12. Finnafjörður, staða og næstu skref

Sveitarstjóri fór yfir fund sem hann ásamt varaoddvita Vopnafjarðarhrepps átti með forsvarsmönnum bemenports og fulltrúa EFLU í Þýskalandi þann 10. febrúar síðastliðinn. Einnig var lögð fram fundargerð samstarfshóps sveitarfélaganna af fundi sem haldinn var í kjölfar ferðarinnar til Þýskalands, ásamt ýmsum gögnum sem urðu til í aðdraganda og í kjölfar ferðarinnar.



Sveitarstjóri upplýsti um, líkt og áður hefur komið fram í fréttum og á fundum sveitarstjórnar, að aukinn þrýstingur er kominn á það að formgera samstarf aðila, hefur til að mynda verið lögð fram af hálfu aðila tímasett aðgerðaráætlun. Hluti af henni er stofnun þeirra hlutafélaga sem stefnt hefur verið að koma á laggirnar eins og kveðið er á um í viljayfirlýsingu og samningi aðila. Þar er einkum átt við stofnun þróunarfélags Finnaþjarðar (FFPD) og stofnunar fyrirtækis sveitarfélaganna (FFPA).

Siggeir óskaði eftir fundarhlé kl. 17:37.

Oddviti setti fund kl. 17:41.

Siggeir lagði fram ósk f.h. U-listans um óformlegan vinnufund sveitarstjórnar um þetta mál.

Oddviti gerði fundarhlé kl. 17:42.

Fundur settur kl. 17:49.

Siggeir óskaði eftir fundarhlé kl. 17:53.

Fundur settur kl. 17:56.

Til máls tóku: Siggeir Stefánsson, Þorsteinn Ægir Egilsson, Reynir Atli Jónsson, Björn Guðmundur Björnsson, Elías Pétursson.

**Bókun um afgreiðslu:** Samþykkt samhljóða að efna til sérstaks vinnufundar sveitarstjórnar í næstu viku um Finnaþjarðarverkefnið.

### **13. Samstarfssamningur Langanesbyggðar og Vopnaþjarðarhrepps vegna Finnaþjarðarverkefnisins**

Frá því að undirbúningur að svokölluðu Finnaþjarðarverkefni hófst fyrir fast að tíu árum eða svo hefur alltaf verið ráð fyrir því gert að sveitarfélögin tvö, Langanesbyggð og Vopnaþjarðarhreppur, vinni náið saman að uppbyggingu og framkvæmd þess, þar sem verkefnið geti haft afar jákvæð og góð áhrif á heildstæða þróun byggðar og atvinnulífs á norðaustursvæði landsins. Þrátt fyrir þessa fyrirætlun um samstarf aðila hefur aldrei verið gengið frá því með formlegum hætti hvernig því skuli háttáð, hvernig ákvörðunartaka skuli fara fram og hvernig farið skuli með skiptingu á mögulegum tekjum og kostnaði sem fellur til vegna verkefnisins.

Sveitarfélögin hafa í sameiningu unnið drög að rammasamningi um það hvernig samstarfi aðila verði háttáð, sem liggur nú fyrir sveitarstjórn Langanesbyggðar til afgreiðslu.

Aðilar voru sammála um að við gerð vinnslu samningsdraganna að samstarfið skuli grundvallað á rammasamningi, sem er þannig upp byggður að hann geti tekið breytingum eftir því sem verkefninu vindur fram, út samningstímam. Í samningsdrögunum er lögð rík áhersla á það að sveitarfélögin starfi náið saman og komi fram sameiginlega gagnvart þriðja aðila til að tryggja sem best sameiginlega hagsmuni svæðisins.

Samningurinn er því fyrst og fremst hugsaður sem rammi utan um samstarfið, sem síðar verði fyllt inn í með viðaukum og/eða bókunum eftir því sem þurfa þykir og verkefninu



vindur fram. Þungamiðja samstarfsins á undirbúningstímanum verður sameiginlegur starfshópur aðila sem stofnaður hefur verið, en honum er ætlað að vinna náið með sveitarstjórnnum beggja sveitarfélaga og halda þeim vandlega upplýstum. Liður í því er m.a. að tryggja að allar upplýsingar og gögn varðandi verkefnið liggi fyrir og séu aðgengilegar á tölvuskram, enda má leiða líkum að því að verði verkefnið að veruleika muni það hafa mikil áhrif á þróun samfélaganna á svæðinu. Það er afar mikilvægt fyrir sveitarfélögin reyni að tryggja gott samstarf og gott upplýsingaflæði svo sú þróun geti orðið til góðs.

Þar sem verkefnið í Finnafirði er af áður óþekktri stærðargráðu, borið saman við önnur verkefni sem hafa verið unnin á svæðinu, er ráð fyrir því gert í samningsdrögum í samræmi við sveitarstjórnarlög, að borin verði undir sveitarstjórn til samþykktar eða synjunar allar meiriháttar ákvarðanir um fjárútlát vegna verkefnisins. Því er ráð fyrir því gert að nán samvinna sé til staðar milli starfshópsins og sveitarstjórna sveitarfélaganna hvors um sig meðan á undirbúningi og framkvæmd verkefnisins stendur. Að öðru leyti er vísað til efnis samningsdraganna.

Til máls tóku: Siggeir Stefánsson, Hulda Kristín Baldursdóttir.

Fundarhlé gert kl. 18:25.

Fundur settur kl. 18:34.

**Bókun um afgreiðslu:** Sveitarstjórn Langanesbyggðar lýsir yfir ánægju með fyrirliggjandi samningsdrög um samstarf Langanesbyggðar og Vopnafjarðarhrepps vegna undirbúnings og framkvæmdar við svokallað Finnafjarðarverkefni.

Sveitarstjóra falið að ganga frá samningnum í samræmi við fyrirliggjandi drög og undirrita í framhaldi af því.

Siggeir Stefánsson óskaði eftir fundarhlé kl. 18:35.

Fundur settur kl. 18:41.

Samþykkt með fjórum atkvæðum gegn þremur.

### **Siggeir Stefánsson, lagði fram svohljóðandi bókum U-listans:**

U-listinn, telur mikilvægt að kláraður verði samningur milli sveitarfélaganna, en treystir sér ekki til að samþykkja fyrirliggjandi drög að samstarfssamningi milli Langanesbyggðar og Vopnafjarðarhrepps. Teljum við ýmislegt ábótavant í þessum drögum og margt sem orki tvímælis út frá hagsmunum Langanesbyggðar. Telur U-listinn mikilvægt að halda vinnufund samhliða vinnufundi undir lið 12, um þennan samning og að fá lögfræðilegt álit á honum. Taka hann svo til afgreiðslu eftir það.

Hér er verið að tala um samstarfssamning sem er bindandi fyrir sveitarfélögin inn í framtíðina og miðað við þessi drög til mjög langs tíma og þess vegna er nauðsynlegt að vanda vel til verka. Til samanburðar þá er hægt að benda á að í fyrra var gerð viljayfirlýsing milli nokkurra aðila í sama verkefni sem er ekki bindandi eins og þessi



samningur því hægt er að segja viljayfirlýsingunni upp hvenær sem er án eftirmála en það á ekki við um þennan samning.

#### 14. Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri fór yfir þau verkefni sem unnið hefur verið að og ekki er getið hér að ofan. Lokið er viðgerð á frárennislögn í Fjarðarvegi, þar er lögn að mestu fallin saman á c.a. 8 metra kafla. Við skoðun á lögnum kom í ljós að ástand þeirra er mjög lélegt og hefur sveitarstjóri falið forstöðumanni áhaldahúss að meta kostnað við endurbætur.

Hlið að geymslusvæði hefur verið dæmt ónýtt og er búið að panta nýtt hlið. Sveitarstjóri hefur átt í samskiptum við forsvarsmenn Íslenska Gámafélagsins vegna kvartana vegna sorphirðu, ljóst er að skerpa þarf á verklagi fyrirtækisins ásamt og að bæta flokkun sorps í sveitarfélaginu. Samningar vegna áframhaldandi sorphirðu eru á lokametrinum og stendur vilji sveitarstjóra til þess að kynna þá og óska afgreiðslu á næsta reglulega fundi. Sveitarstjóri hefur átt í samskiptum við aðila á Bakkafirði, þingmenn og fleiri vegna ástandsins á Bakkafirði, ekkert merkvert hefur komið út úr því en áfram verður haldið. Samskipti hafa átt sér stað við forsvarsmenn N1 varðandi endurbyggingu Grillskálans, engin svör hafa fengist um áform fyrirtækisins. Sveitarstjóri hefur komið samfélagslegu sem og atvinnulegu mikilvægi skálans á framfæri við forstjóra fyrirtækisins.

Sveitarstjóri hefur verið í samskiptum við fasteignafélag Landsbankans vegna Langanesvegar 2, engin svör hafa borist um áform fyrirtækisins varðandi lagfæringar á útliti hússins.

Að síðustu má þess geta að sveitarstjóri hefur sent samgönguráðherra og fyrsta þingmanni kjördæmisins erindi vegna þess að þingið virðist hafa tekið veginn um Langanesströnd út af vegaáætlun. Beðið er viðbragða ráðherra og þingmanns.

Til máls tóku: Halldóra Jóhanna Friðbergsdóttir, Björn Guðmundur Björnsson, Þorsteinn Vilberg Þórisson, Siggeir Stefánsson, Reynir Atli Jónsson, Elías Pétursson.

Fundargerð upplesin, samþykkt samhljóða og fundi slitið kl. 19:26.